

T I L L A G A

til þingsályktunar um stjórnskipan Þjóðkirkjunnar á grundvelli fyrri samþykktar auka kirkjuþings frá árinu 2021, 7. máli með þar til gerðum breytingum og nefndarálitni.

(Lagt fyrir 65. kirkjuþing 2023-2024).

Flutt af Örnun Grétarsdóttur, Árna Helgasyni, Guðna Má Harðarsyni, Hildi Ingu Rúnarsdóttur, Margréti Eggertsdóttur og Sigurði Grétari Sigurðssyni.
Frsm. Árni Helgason.

Kirkjuþing 2023-24 samþykkir að stjórn þjónustumiðstöðvar Þjóðkirkjunnar verði skipt upp í tvö ábyrgðarsvið sem munu starfa náið saman, tileinka sér góða stjórnarhætti og næra hugarfar samráðs, réttlætis, lýðræðis og gegnsæis.

Stjórn þjónustumiðstöðvar Þjóðkirkjunnar er kosin af kirkjuþingi úr röðum kirkjuþingsfulltrúa og fer með fjárstjórnarvald kirkjuþings á milli þinga í samræmi við starfsreglur, samþykktir og fjárheimildir kirkjuþings. Í stjórn skulu vera þrír nefndarmenn, tveir úr hópi óvígðra og einn úr hópi vígðra og jafnframt skulu þrír varamenn kosnir með sama hætti. Aðal- og varamenn skulu kosnir af kirkjuþingi til eins árs í senn. Formaður skal kosinn sérstaklega, en að öðru leyti skiptir stjórnin með sér verkum. Formenn og varaformenn fastanefnda geta ekki verið í stjórn þjónustumiðstöðvar og sé kirkjuþingsfulltrúi sem gegnir slíkri stöðu í framboði til stjórnar og hlýtur kosningu skal hann þegar í stað segja af sér formennsku eða varaformennsku í þeirri nefnd sem hann gegnir því hlutverki. Gæta skal að kynjahlutföllum við kosningu í stjórn og varastjórn.

Stjórnin gegnir því hlutverki að fylgja eftir ákvörðunum og áætlunum kirkjuþings og hafa eftirlit með því að allir þættir starfseminnar séu í samræmi við markmið og áætlanir. Hún skal jafnframt vera til stuðnings stjórnendum Þjóðkirkjunnar og tryggja að skýrt umboð fylgi ákvörðunum. Stjórnin fer með umboð kirkjuþings á milli þinga, ræður og rekur framkvæmdastjóra þjónustumiðstöðvar, setur honum starfslýsingu og launakjör og sér til þess að hann framfylgi ákvörðunum kirkjuþings og stjórnar þjónustumiðstöðvar á milli þinga. Stjórnin fer með æðsta vald í fjármálum kirkjunnar á milli þinga innan þeirra marka er starfsreglur um fjármál setur henni. Óheimilt er að gera trúnaðarsamninga þar sem stjórn kirkjunnar er ekki upplýst um fjárhæðir eða að innihald samnings brýtur í bága við mannhelgi, jafnræði, gagnsæja og góða stjórnarhætti.

Meirihluti stjórnar ritar firma Þjóðkirkjunnar. Stjórnin getur framselt firmaritun með umboði, í hvert sinn sem þurfa þykir, en óheimilt er stjórn að framselja firmaritun ótímabundið til færri en tveggja einstaklinga. Framkvæmdastjóri þjónustumiðstöðvar Þjóðkirkjunnar skal hafa prókúruumboð og þiggur það frá stjórn.

Ábyrgðarsvið biskups Íslands nær yfir kjarnastarfssemi Þjóðkirkjunnar og kirkjuþing býr svo um hnútana að öflug og gagnsæ fjármálastjórn styðji við einingu, kristnihald, kenningu og hina vígðu þjónustu. Biskup Íslands og stjórn þjónustumiðstöðvar skulu gæta þess að öll starfssemi sé innan samþykktra fjárheimilda kirkjuþings.

Til að ná því sameiginlega markmiði að öll starfssemi Þjóðkirkjunnar sé stefnumiðuð, innan samþykktra fjárheimilda kirkjuþings ræður stjórn þjónustumiðstöðvar framkvæmdastjóra þjónustumiðstöðvar Þjóðkirkjunnar sem heyrir beint undir stjórnina og starfar í hennar umboði. Framkvæmdastjóri starfar eftir samþykktum kirkjuþings og ákvörðunum stjórnar þjónustumiðstöðvar að því er varðar fjárstjórn, stefnumótun í rekstri og áætlanagerð. Þjónustumiðstöðin sinnir allri almennri þjónustu við kirkjuþing sem og við allar starfseiningar á ábyrgðarsviði biskups Íslands.

Greinargerð.

Aukakirkjuþing árið 2021 samþykkti breytingartillögu og nefndarálit 7. máls um stjórnskipan kirkjustjórnarinnar á þingskjali nr. 14 sem útlistaði skipurit og stjórnskipan kirkjunnar. Tillaga þessi er sett fram til að sníða af þá hnökra sem komið hafa í ljós við framkvæmd og skilning á inntaki, hlutverkum og verkefnum hins fjárhagslega skipulags Þjóðkirkjunnar.

Hér er lagt til að kirkjuþingsfulltrúar kjósi stjórn þjónustumiðstöðvar í stað framkvæmdanefndar úr röðum kirkjuþingsmanna sem starfar í umboði kirkjuþings, hefur eftirlit með fjárhag og rekstri Þjóðkirkjunnar og fylgir eftir ákvörðunum og áætlunum samþykktum af kirkjuþingi. Í þessu felst að stjórnin fer með umboð frá kirkjuþingi og rétt til ákvarðana innan þess ramma sem kirkjuþing hefur samþykkt. Í tillögunni er gert ráð fyrir að stjórnin sé skipuð með sama hætti og samþykkt var í áður nefndu 7. máli.

Flutningsmenn telja mikilvægt að stjórnarfolk geti ekki verið formenn eða varaformenn nokkurra annarra nefnda sem heyra undir kirkjuþing.

Flutningsmenn þessarar tillögu gera ráð fyrir því að stjórnin kalli til fundar við sig biskup Íslands eða fulltrúa hans og aðra þá aðila eins og þurfa þykir til að tryggja góða stjórnarhætti. Ekki er hér getið um stöðu forseta kirkjuþings þar sem hlutverk hans er skilgreint í starfsreglum um kirkjuþing nr.9/2021.

Flutningsmenn leggja ekki til breytingar á því að starfræktar séu rekstrarstofa Þjóðkirkjunnar og biskupsstofa eins og samþykkt var í nefndu 7. máli. Báðar skrifstofurnar heyri undir framkvæmdastjóra þjónustumiðstöðvar er varðar fjárhagslegan hluta þjónustunnar.

Eðlilegt er að rekstrarstofa sinni jafnframt allri almennri þjónustu við starfseiningar á ábyrgðarsviði biskups, eftir því sem við á í samræmi við þau verkefni og sérfræðiþekkingu sem er innan vébanda skrifstofunnar.

Flutningsmenn telja brýnt að skýra með afgerandi hætti hverjir rita firmað Þjóðkirkjan og fari með prókúru. Þá er gert ráð fyrir að starfsreglur verði uppfærðar verði málið samþykkt. Enginn aukakostnaður er við samþykkt þessa. Sjá myndrænt fjárhagsskipurit:

Fjárhagslegt skipurit Þjóðkirkjunnar

